

Eflum inngildingu með æskulýðs-áætlunum ESB

Eflum inngildingu!

Kjörorð Evrópusambandsins eru: „**Sameinuð í fjölbreytileika**“. Okkar verkefni er að standa við þessi orð og gera þau að veruleika.

Von der Leyen forseti Evrópusambandsins, í Evrópuþinginu 17. júní 2020

Í **fjölbreyttri** og **inngildandi** Evrópu ætti allt ungt fólk að hafa aðgang að tækifærum þvert á lönd og menningu. Erasmus+ og European Solidarity Corps (ESC) bjóða upp á fjölda úrræða til að gera samtökum kleift að bjóða upp á tækifæri sem standa öllum opin. Þessi aukni stuðningur beinist sérstaklega að nýliðum innan áætlanna og þeim sem starfa **með ungu fólki sem býr við færri tækifæri**.



Hvað er átt við með ungu fólki með færri tækifæri?

Til að geta sannarlega veitt öllum tækifæri treysta **Erasmus+ og European Solidarity Corps** á að **umsækjendur stuðli að inngildingu og skipuleggi verkefni og starfsemi sína á þann hátt að þau séu aðgengileg fyrir fjölbreyttan hóp þátttakenda**. Samtök geta stuðlað að inngildingu með því að ná til fjölbreytts hóps af ungu fólki á virkan hátt og koma Evrópusamstarfi á framfæri við þau.

Ungt fólk sem býr við færri tækifæri mæta hindrunum í lífinu sem skerða aðgengi að tækifærum Erasmus+ og ESC. Hindranirnar geta verið efnahagslegar, félagslegar, menningarlegar, landfræðilegar eða heilsufarslegar, vegna innflytjendabakrunns þeirra, fötlunar, námsörðugleika eða einhverra annarra ástæðna, þar með talið þeirra sem gætu valdið mismunun samkvæmt 21. grein sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

Hvernig getur þú aukið þátttöku ungs fólks sem býr við færri tækifæri?




Ungmennaskipti

Ungmennaskipti gefa hópum ungs fólks (milli 13-30 ára) frá ólíkum löndum tækifæri til að hittast, búa saman og vinna að sameiginlegum verkefnum í stuttan tíma (í 5-21 dag). Ungu fólkið getur unnið saman í smíðjum eða skipulagt umræður, hlutverkaleiki, útivist og margt fleira.

Dæmi

Vinnusmiðjan „[Roma \(S\)heroes](#)“ leiddi saman ungt Rómafólk og annað ungt fólk á aldrinum 16 til 30 ára til þess að kanna birtingarmynd kven- og karlhetja gegnum leiklist Rómafólks og spunaleiki sem efla vitund um sig sjálf og annað fólk.



Þátttökuverkefni ungs fólks

Erasmus+ styrkir einnig verkefni framkvæmd af ungmennum sem beinast að því að auka virkni í samfélaginu og auka vitund ungs fólks um evrópsk gildi og réttindi. Verkefni geta einnig beinst að því að efla ungt fólk í stafrænni hæfni og fjölmiðlalæsi. Þessi verkefni geta verið alþjóðleg eða átt sér stað innanlands, og geta verið í gegnum fjárfundabúnað eða í eigin persónu. Starfsemin getur verið í formi smíðju, hittinga, hermiæfinga, herferða sem tengjast vitundarvakningu, ráðgjafafærlis og margt fleira.

Dæmi

Verkefnið „[Fylgdarlaus börn á flóttasameinist: Flóttabörn án fylgdar skipuleggja sjálf lýðræðisþátttöku sína](#)“ lagði áherslu á að tengja saman ungmenni á flótta eða afkomendur flóttafólks alls staðar að í Austurríki. Verkefnið eflaði þau í eigin lífi og gerði þeim kleift að taka virkan þátt í stjórnámálum í landinu. Í kjölfarið stofnuðu þátttakendurnir sín eigin samtök „Bunt“ til að geta lagt orð í belg í austurrískum og evrópskum stjórnámálum.

European Solidarity Corps

Samtök geta fengið til sín alþjóðlega sjálfbóðaliða til að verða þeim að liði við að vinna að verkefnum í þágu alls samfélagsins. Sjálfbóðaliðaverkefni geta verið allt frá 2 vikum til 12 mánaða og verið einstaklings- eða hópverkefni.

European Solidarity Corps áætlunin getur einnig stutt hópa af ungu fólki við að taka frumkvæði í samfélaginu þeirra. Styrkirnir koma til móts við kostnað sem hlýst að undirbúningi, eftirfylgni, framkvæmd, mati og miðlun verkefna. Einnig getur unga fólkið fengið leiðbeinanda til liðs við sig til að styðja þau við framkvæmd þessara samfélagsverkefna.


Dæmi

[De Wissel](#) tekur á móti European Solidarity Corps sjálfbóðaliðum. Samtökin eru staðsett í Leuven í Belgíu og veita umönnun og þjálfun fyrir stúlkur í viðkvæmri stöðu auk barna, 12 ára og eldri, sem hafa hætt í skóla. Auk þess reka þau fristundamiðstöð ungmenna á gömlum bóndabæ. ESC sjálfbóðaliðarnir hjálpa til við verkin á bóndabænum (hugsa um hesta sem eru notaðir í meðferðinni, sjá um garðyrkju, hjálpa til á fristundamiðstöðinni, vinna með unga fólkinu o.fl.). Sjálfbóðaliðar geta prófað mismunandi verkefni og þannig fundið út hvaða störf þau hafa áhuga á og henta þeim.



Nám og þjálfun fyrir starfsfólk í æskulýðsmálum

Þessi náms- og þjálfunarverkefni leitast við að stuðla að faglegri þróun þeirra sem vinna í æskulýðsstarfi. Um er að ræða námsferðir, starfsspeglun, starfsmannaskipti, jafningjafræðslu, verkefni sem snúa að uppbyggingu samfélagsins og tengslanets, þjálfunarbúðir sem og námskeið og vinnustofur til að byggja upp þekkingu á ákveðnu sviði. Verkefni geta tekið 3-24 mánuði.



Dæmi

„Að leiða saman útivist og inngildingu“ býður æskulýðs- starfsfólki allstaðar að úr Evrópu tækifæri til að þróa hæfni þar sem útivist er notuð sem leið til að styðja við inngildingu í æskulýðsstarfi þeirra. Með þjálfuninni prófa og þróa æskulýðsfulltrúarnir með sér mismunandi hliðar útivistar og skapa verkfærakassa sem nýtist áfram.



Aukinn stuðningur fyrir verkefni sem ætlað er að ná til ungs fólks sem býr við færri tækifæri.



Að forgangsraða umsóknum með inngildingu og fjölbreytileika að leiðarljósi: Inngilding og fjölbreytileiki eru forgangsmatið í Erasmus+ og European Solidarity Corps þegar kemur að vali á umsóknum um styrki og dreifingu fjármagns. Góð verkefni sem taka tillit til inngildingar og fjölbreytileika á virkan hátt og ná til þátttakenda með færri tækifæri, nýliða og grasrótarfélaga eru hér í forgangi.



Sérstakur stuðningur fyrir inngildingu: Áætlanirnar bjóða upp á aukalegan fjárhagsstuðning til að koma til móts við kostnað vegna þarfa þeirra sem búa við færri tækifæri. Í þessu er m.a. fölginn kostnaður vegna breytinga á ferðalögum og gistingu, aðstoðarmanneskju eða sérstaks undirbúnings vegna tungumáls eða menningar. Aukin fjárhagsleg aðstoð er einnig í boði fyrir samtök sem leggja virkilega áherslu á inngildingu í skipulagningu og framkvæmd verkefna.



Undirbúningsheimsóknir: Undirbúningsheimsóknir eru notaðar til að styðja við samtök eða einstaklinga, sérstaklega þá sem búa við færri tækifæri, til þess að undirbúa sig fyrir náms og þjálfunarverkefni. Þessar heimsóknir geta hjálpað til við að auðvelda pappírsvinnu og skipulag, byggja upp traust og skilning, og meta þarfir einstaklinganna sem taka þátt.



Sérstakur stuðningur fyrir ungt fólk: Ólíkar leiðir eru fyrir hendi til að styðja ungt fólk sem býr við færri tækifæri til að tryggja jafnt aðgengi að áætlununum.

- **Aukin ráðgjöf** er ítarleg handleiðsla sem styður þátttakendur með færri tækifæri í vissum flokkum áætlananna ef þau sjá sér ekki fært í að taka þátt í ákveðnum þáttum verkefnis.
- **Skref-fyrir-skref leiðir til að byggja upp hæfni.** Markmiðið er að bjóða upp á mismunandi tækifæri til uppbyggingar og þróunar í lífi og þroska ungs fólks.



Erasmus aðild á sviði æskulýðsmála: Fyrir samtök sem hafa að baki að minnsta kosti tveggja ára reynslu af æskulýðsstarfsemi gæti reynst heppilegt að sækja um aðild. Þetta gerir þeim kleift að vinna á markvissari hátt og hrinda náms og þjálfunarverkefnum (virkja ungt fólk til þátttöku, starfsþjálfun, ungmennaskipti) í framkvæmd á reglubundinn hátt. Aðildin gerir samtökum sem vinna með einstaklingum með færri tækifæri meiri sveigjanleika þar sem þau eru ekki lengur bundin við ákveðna umsóknarfresti.




Aðgengilegri leiðir: Til þess að draga úr hindrunum að aðgengi að Evrópuáætlununum hafa nýjar leiðir verið kynntar. Samtök og einstaklingar geta fengið aðgang að stuttum náms- og þjálfunarverkefnum sem eru minni í sniðum sem og innlendum verkefnum í heimabyggð.



Stuðningur við tungumálanám: Til viðbótar við styrki til tungumálanáms í European Solidarity Corps bjóða áætlanirnar upp á tungumálanám á netinu (Online Language Support). Það er í boði fyrir alla þátttakendur til að auka þekkingu þeirra á tungumálinu sem þau munu nota við vinnu, nám eða sjálfbóðastörf erlendis.

Nánari upplýsingar um stefnu Erasmus+ og European Solidarity Corps á sviði inngildingar og fjölbreytileika:

www.salto-youth.net/inclusionstrategy





Hvernig á að meta óformlegt nám?

Hægt er að meta lærdómsreynslu þátttakenda með **Youthpass** (www.youthpass.eu). Samtök geta notað Youthpass til að leiðbeina þátttakendum að meta þann lærdóm sem þeir öðluðust í gegnum reynslu sína. Þátttakendur í Erasmus+ og European Solidarity Corps verkefnum geta nýtt sér Youthpass til þess að lýsa því hvaða verkefni þau hafa tekið þátt í og sýnt fram á hvað þau hafa lært.

Hver getur sótt um styrk?

Samtök sem vinna með ungu fólki og óformlegir hópar ungs fólks.

Hvernig á að sækja um styrk?

Hvernig á að sækja um styrk? Vilt þú bjóða upp á evrópskar upplifanir fyrir unga fólk sem þú vinnur með? Hafðu samband við Landskrifstofu Erasmus+ fyrir frekari upplýsingar og leiðsögn.

Horfðu á myndbandið Eflum inngildingu

